

NÁMSGREIN: STÆRÐFRÆÐI

KENNSLUYFIRLIT -1. BEKKUR

Kennsluhættir: 6 stundir á viku. Kennt í lotum eftir viðfangsefnum. Kennsla byggist á innlögnum, upplifun, einstaklings- og hópavinnu.

Námsþættir: Flokkun, talning, form og mynstur og tölurnar 1-10, mælingar, samlagning og frádráttur, tölurnar 0-20, form og myndir.

Námsmat: Ástundun, virkni í kennslustund og könnun í lok hvers námsþáttar. Lögð verða fyrir munnleg, verkleg og skrifleg verkefni.

Námsgögn: Sproti 1a og 1b (nemendabók og æfingahefti), Viltu reyna, Stærðfræðispæjarinn 1, gagnvirkar æfingar í Ipad, spil og annað efni frá kennara.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Kennt í lotum	Flokkun og talning	Flokkað og raðað eftir ákv. eiginleikum og einkennum s.s. lit, lögun, stærð og fjölda. Söfn borin saman eftir stærð Talning: hlutur, strík og tala með notkun talningastrika. Talið munnlega upp í 10. Innlögn, hlutbundin vinna, einstaklingsvinna, samvinnuverkefni	Vinnulag stærðfræðinnar Tekur þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleiðir. Tölfræði og líkindi: Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið og getur túlkað á einfaldan hátt.	Leiðsagnarmat og könnun í lok námsþáttar	Stór/stórt, lítill, lítill, lítið, stuttur, stutt, langur, löng, langt, jafn stór, jafn mikið. Talningastrik, fleiri, flestir, flestar, flest, meira, færri, fæstir, fæstar, fæst, minna, jafn margir, jafn margar.
Kennt í lotum	Rúmfræði: Form, mynstur og mælingar..	Tvívíð form og eiginleikar þeirra. Hringur, þríhyrningur, ferningur og rétthyrningar kynntir. Þjálfun í staðsetningu hluta Unnið með mynstur og haldið áfram með einföld mynstur, kynnt hvaða litir og form búa til hvert mynstur Mælt með óstöðluðum mælieiningum, borið saman stærðir, kannast við raðtölur, talið upp í 20 og þekkt vikudagana. kynnum þvíðu formin kúlu, sívalning og ferstrending. Þekkjum eiginleika formana og einkenni Þekki formin í daglegu lífi og geti bent á þau Innlögn, hlutbundin vinna, einstaklingsvinna, samvinnuverkefni.	Vinnulag stærðfræðinnar Nýtir sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum. Rúmfræði og mælingar: Notað hugtök úr rúmfræði til að lýsa hlutum í umhverfi sínu. Ber kennsl á tening, kúlu, keilu, sívalning og strendinga Algebra: Getur kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs. Tölfræði og líkindi Les úr einföldum myndritum.	Leiðsagnarmat og könnun í lok námsþáttar.	Hringur, þríhyrningur, ferningur og rétthyrningur. Afstöðuhugtök: yfir, fyrir ofan, undir, fyrir neðan, fyrir framan, fyrir aftan, á undan, á eftir, á milli, við hliðina, á bakvið, hægra megin, vinstra megin. Lengri, lengra og lengst/lengstur, styttri/styttra, stytur/styst kúla, sívalningur, ferstrendingur, keila kassi, teningur, píramídi, rúlla og stafla.

Kennt í lotum	Tölurnar 1-20 og talnaskilningur.	Talið munnlega frá 1-20 >, lesið og skrifað upp í 20> dragi rétt til stafs, og þekki fjölda hverrar tölu. Kynnist 10 vinum og 20 vinum. Nái tókum á talnaröðina upp í 20 áfram og afturábak. Auki talnaskilning sinn. og kynnist raðtölum. Læri að lesa í og hoppa á talnarunum skv mynstri 2,4,6, eða 5, 10, 15. Fái innsýn í tugakerfið og geti skipt tveggja stafa tölum í tug og einingar. Þekki mynt s.s. króna, tíu krónur. Innlögn, hlutbundin vinna, einstaklingsvinna, samvinnuverkefni.	Vinnulag stærðfræðinnar Tekur þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleiðir. Nýtir sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum. Tölur og reikningur: Þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum. Notar tugakerfisríthátt og sýnir skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.	Leiðsagnarmat og könnun í lok námsþáttar.	Tölustafur, fjöldi, heiti tölustafa frá a.m.k 0-20. Tíu vinir, tuttugu vinir, Telja, talning, talnalína, talnaband, talnaruna, Safn, jafn mikið, Tugur, eining, Tala, tölustafur, tala næst á undan/eftir, króna, fimm krónur, tíu krónur, peningar,
Kennt í lotum	Plús og mínus	Þekkt aðgerðarmerkin plús (+), mínus (-) og jafnt og (=) Lagt saman einföld stærðfræðidæmi upp í 20. Dregið frá í einföldum stærðfræðidæmum frá 20. Nýtt talnalínu við samlagningu og frádrátt. Raðað tölum á talnalínu upp í 20. Finna týnda þáttinn í samlagningar og frádráttardæmum Unnið með krónur (mynt) Innlögn, hlutbundin vinna, einstaklingsvinna, samvinnuverkefni.	Vinnulag stærðfræðinnar Þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með náttúrulegum tölum. Getur fundið eina óþekkta stærð í jöfnu með heiltölum og rökstutt lausnir sínar.	Leiðsagnarmat og könnun í lok námsþáttar.	Plús, mínus, jafn mikið, jafnt og, samtals, samlagning, frádráttur, bæta við, taka af, vantar.